



Kristjáni þótti iðnaðartæknifræði við Háskólann í Reykjavík krefjandi og skemmtileg. „Rjóminn af flestum tæknilegum fögum er tekinn, eins og byggingar- og burðarþol, véla- og orkufræði, rafmagn og stýringar. Þarna eru komin þrjú grunnsvið verkfræðinnar,“ segir Kristján.

FRETTABLAÐIÐ/STEFAN

Nýttist vel á vinnumarkaði

Kristján Haukur Flosason hjá iðnaðartækni, lagði stund á iðnaðartækni- og verkfræði hjá Háskólanum í Reykjavík. Hann segir námið vera skemmtilegt og krefjandi, en umfram allt fjölbreytt og nýttast vel á vinnumarkaðnum.

„Ég var að leita mér að tæknilegu námi og sá ekki neitt sem var jafn fjölbreytt og iðnaðartækni- og verkfræðin. Ég hafði hug á verkfræði til að byrja með, en þá hefði ég þurft að sleppa úr mörgum spennandi áföngum. Þetta var skemmtileg blanda,“ segir Kristján Haukur Flosason hjá iðnaðartækni, en hann lærði iðnaðartækni- og verkfræði hjá Háskólanum í Reykjavík.

Kristján segir námið hafa verið krefjandi og veitt góða inn-sýn í flest svið tækni- og verkfræðinnar. „Rjóminn af flestum tæknilegum fögum er tekinn, eins og byggingar- og burðarþol, véla- og orkufræði, rafmagn og stýringar. Þarna eru komin þrjú grunn-

svið verkfræðinnar,“ segir Kristján. „Svo tókum við líka forritunar-, lögfræði- og rekstraráfangar, sem er skemmtilegt krydd í svona tæknilegt nám.“

Eftir að Kristján útskrifaðist 2001 hóf hann strax störf sem þróunarstjóri hjá litlu hugbúnaðarfyriertæki. Hann segir námið hafa nýst þar mjög vel, þar sem hann hafði fengið innsýn í flestar hliðar iðnaðartækni. Hann ákvað þó nokkrum árum síðar að víkka sjónvinkulinn sínum frekar og fluttist til Danmerkur til þess að sérhæfa sig í rafmagnsverkfræði.

Kristján segir iðnaðartækni- og verkfræðina hjá HR vera frábæran bakgrunn fyrir hvers konar framhaldsnám í iðngreinum. Hægt sé að sérhæfa sig í nánast hvaða sviði sem er: hugbúnaðarfræðum, bygginga- og tækni- og verkfræðum eða rekstrarfræðum. Nema séu komnir með mjög góðan og breiðan grunn og sé hvötin fyrir hendi sé hægt að fara mjög fjölbreyttar leiðir í sérhæfingu.

„Þessi grunnur er ómissandi fyrir þá vinnu sem ég stunda í dag,“ segir Kristján, en hann er hönnuður og forritari hjá iðnaðartækni. „Starfið snýst mikið um að þróa og prófa iðnaðarstýringar. Þá er ég að stýra vélum og tækjum eftir einhverjum ákveðnum skilyrðum. Við vinnum mikið loftræstikerfi og svo alls kyns kerfi fyrir sundlaugar, varðandi hitastig og sjálfvirka hreinsun. Einnig erum við að þróa ýmis hússtjórnarkerfi sem stýra tækni í byggingum,“ segir Kristján.

Iðnaðartækni sér um stýringu í nýbyggingu Háskólans í Reykjavík. Nýja tónlistarhúsið tekur svo við eftir það. „Námið nýttist mér mikið. Ég fæ góða æfingu í stýri- og verkfræði og bæði forritun á iðntölvum og skjámyndakerfum,“ segir Kristján.

„Vinnan er þess eðlis að ég er mikið að vinna við hluti þar sem maður verður að hafa sterka inn-sýn í öll svið iðnaðartækninnar. Námið veitir manni hana svo sannarlega.“

